

154 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 27. maí 2020 kl.10.00 í fjarfunda búnaði.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Lilja B. Ágústsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Guðrún K. Reynisdóttir sat fundinn í forföllum Sif Matthíasardóttur. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Fundargerð 153 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 153 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundargerðin var staðfest.

2. Ráðstefna um sameiningu sveitarfélaga

Rætt um nýja tímasetningu fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga, en ráðstefnunni sem fyrirhugað var að halda 12 mars s.l. var frestað sökum kórónaveirunnar. Stjórn samþykkti að ráðstefnan verði haldin að Laxárbakka í Hvalfjarðarsveit miðvikudaginn 2. september n.k.

3. Aðalfundur SSV

Aðalfundur SSV mun fara fram á Hótel Hamri í Borgarnesi mánudaginn 15 júní n.k. Tillaga að dagskrá fyrir fundinn var samþykkt. Jafnframt var samþykkt að skipa þriggja manna kjörstjórn og var framkvæmdastjóra falið að hafa samband við aðila. Þá kynnti framkvæmdastjóri tvær tillögur að breytingum á samþykktum SSV sem óskað er eftir að teknar verði til afgreiðslu á aðalfundi. Umræða varð um hvenær breytingar á samþykktum taka gildi og var framkvæmdastjóra falið að óska álits frá lögfræðisviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stjórn vísaði tillögunum til aðalfundar.

4. Ársskýrsla SSV

Lögð fram drög að ársskýrslu SSV fyrir árið 2019. Stjórn gerði ekki athugasemdir við skýrsluna og fól framkvæmdastjóra að senda hana til sveitarfélaganna ásamt ársreikningi fyrir aðalfundinn.

Lilja vék af fundi eftir umræðu um 4 lið

5. Sóknaráætlun Vesturlands

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um stöðuna á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2020. Vinna er hafin við öll verkefni nema eitt, en vinna við það mun hefjast í haust.

6. Kynningarefni í þáttunum Að vestan á N4.

Lagður fram samningur við N4 um aðkomu SSV að þáttunum Að vestan. Stjórn samþykkti samninginn.

7. Haustþing SSV 2020

Rætt um Haustþing SSV 2020. Stjórn samþykkti að þingið fari fram í Dalabyggð um miðjan október og var framkvæmdastjóra falið að finna endanlega dagsetningu.

8. Viðbrögð sveitarfélaga og SSV við kórónuveirunni

Lögð fram tillaga að ályktun um fjármál sveitarfélaga vegna tekjulækkunar og aukinna útgjalda í kjölfar Covid.19. Stjórn samþykkti svohljóðandi ályktun:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum Covid-19 á rekstur sveitarfélaga á Vesturlandi.

Í nýrri greiningu sem Vífill Karlsson hagfræðingur hjá SSV er að vinna þessa dagana um fjármál sveitarfélaganna kemur glögg fram að áhrif af efnahagshruni og atvinnuleysi líkt og nú er að verða raun hefur alvarleg áhrif á tekjur sveitarfélaga. Útsvarstekjur lækka, ýmis þjónustugjöld dragast saman og framlög jöfnunarsjóðs skerðast vegna tekjulækkunar ríkissjóðs. Greining Byggðastofnunar sem birt var nýverið um áhrif Covid 19 á sveitarfélögin er á sama veg.

Á sama tíma og tekjur sveitarfélaga eru að dragast saman þá eru flest þeirra að ráðast í aðgerðir til að efla atvinnulíf í þeim tilgangi að draga úr áhrifum veirunnar á efnahagslíf þjóðarinnar. Þetta er gert með átaksverkefnum í samstarf við ríkið um að skapa störf fyrir skólafólk, auknum fjárveitingum til viðhaldsverkefna og nýframkvæmda, meiri sveigjanleika fyrir íbúa og fyrirtæki varðandi greiðslu þjónustugjalda og áfram mætti telja. Nú þegar er komið fram að kostnaður vegna félagsþjónustu hefur aukist og mun aukast frekar, en einnig er mikilvægt að hlúa að íþrótt- og æskulýðsstarfi og standa vörð um skólastarf til að draga úr neikvæðum áhrifum af þeim samdrætti sem fram undan er í þjóðfélaginu.

Þrátt fyrir að sveitarfélögin hafa undanfarin ár sýnt ráðdeild í rekstri og lækkað skuldir þá er ljóst að þau þurfa stuðning til þess að komast í gengum það tekjutap og þau auknu verkefni sem fram undan eru í kjölfar Covid-19. Stjórn SSV telur því afar brýnt að gripið verði til almennra aðgerða af hálfu ríkisins til þess að styðja við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægast í því sambandi er að standa vörð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tryggja að framlög hans til sveitarfélaganna skerðist ekki.

Stjórn SSV skorar á ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin grípi nú þegar til aðgerða til þess að styðja við sveitarfélögin í landinu þannig að þau geti þrátt fyrir mikið tekjutap sinnt sínum lögbundnu verkefnum svo vel sé og komið að því endurreisnarstarfi sem bíður.

Í lok fundar þakkað Eggert Kjartansson formaður stjórn fyrir gott samstarf, en hann mun láta af störfum á komandi aðalfundi. Stjórnarmenn tóku undir og þökkðu Eggerti fyrir sitt starf.

Fundi slitið kl. 11.00